



Ég á mér klett.
Þessi klettur hár og reistur og ákaflega fallegur.
Fallegastur er hann í blóma, þá líður honum best.
En oft hefur hann verið veðurbarinn.
Hann hefur staðið reistur eftir hinar ýmsu orustur.
Mér finnst hann verða fallegr og fallegr
því lengur sem ég lifi.
Ég hef getað, leitað til hans og
hallað mér að honum alla mína tíð,
oft finnst mér hann hafa staðið hér í margar aldir,
svo traustur er hann öllum sem hafa leitað til hans,
og þeir eru ekki fáir.
Kletturinn minn heitir Róshildur, hún er mamma min
og hana elska ég og virði mest af öllum.

Kristrún Sæbjörnsdóttir, 23. júní 2000



Prestur: Séra Sveinn Valgeirsson
Organisti: Gunnar Gunnarsson
Einsöngvari: Rósa Birgitta Ísfeld
Píanóleikari: Jón Elísson
Kór: Voces Masculorum
Umsjón útfarar: Útfararstofa Íslands, Sverrir Einarsson

*Aðstandendur þakka auðsýnda samúð og vinarhug
og bjóða viðstöddum að þiggja veitingar
á Satt, Hótel Reykjavík Natura að athöfn lokinni.*



Róshildur Jónsdóttir

Fædd 23. júní 1941

Dáin 17. júlí 2023



Útför frá Fossvogskirkju
þriðjudaginn 25. júlí 2023

Forspil

Signing og bæn

Það má svo sem vera
að vonin ein
hálf veikburða sofni í dá.
Finnst vera eitthvað
sem íþyngir mér
en svo erfitt í fjarlægð að sjá.
Það gilda má einu
hvort ég áleiðis fer
eða staldra hér ögn við og bíð.
Þótt tómið og treginn
mig teymi út á veginn
ég veit ég hef alla tíð ...

verið umvafin englum
sem að vaka hjá
meðan mannshjörtun hrærast
þá er huggun þar að fá.
Þó að vitskert sé veröld
þá um veginn geng ég bein
því ég er umvafin englum
aldrei ein - aldrei ein.

Svo endalaus ótti
við allt sem er
og allsstaðar óvini að sjá.
Veðrin svo váland
og víðáttan grimm,
ég vil fría mig skelfingu frá.
Í tíma og rúmi
töfraorðin mín
og tilbrigðin hljóma svo blíð.
Líst ekki að ljúga
mig langar að trúa
að ég hafi alla tíð ...

verið umvafin englum
sem að vaka hjá
meðan mannshjörtun hrærast
þá er huggun þar að fá.
Þó að vitskert sé veröld
þá um veginn geng ég bein
því ég er umvafin englum
aldrei ein - aldrei ein.

*Valgeir Skagfjörð
Sara McLachlan*

Ritningarlestur

Einsöngur

Ég veit þú kemur
Ási í Bæ - Oddgeir Kristjánsson

Guðspjall

Einsöngur

Íslenska konan
Ómar Ragnarsson - Billy Joel

Minningarorð

Einsöngur

Pannig týnist tíminn
Bjartmar Guðlaugsson

Bæn og Faðir vor

Hærra, minn Guð, til þín,
hærra til þín,
enda þótt öll sé kross
upphefðin mín.
Hljóma skal harpan mín:
;: Hærra minn Guð, til þín, ;:
hærra til þín.

Sofanda sýndu þá
sólstigans braut
upp í þitt eilífa
alföðurskaut.
Hljómi svo harpan mín:
;: Hærra minn Guð, til þín, ;:
hærra til þín.

Lyfti mér langt í hæð
lukkunnar hjól,
hátt yfir stund og stað,
stjörnur og sól,
hljómi samt harpan mín:
;: Hærra minn Guð, til þín, ;:
hærra til þín.

*Matthias Jochumsson
Lowell Mason*

Moldun

Þar sem englarnir syngja sefur þú,
sefur í djúpinu væra.
Við hin sem lifum, lifum í trú
að ljósið bjarta skæra
veki þig með sól að morgni,
veki þig með sól að morgni.

Drottinn minn faðir, lífsins ljós,
lát náð þína skína svo blíða.
Minn styrkur þú ert, mín lífsins rós,
tak burt minn myrka kvíða.
Þú vekur hana með sól að morgni,
þú vekur hana með sól að morgni.

Faðir minn láttu lífsins sól
lýsa upp sorgmætt hjarta.
Hjá þér ég finn frið og skjól.
Láttu svo ljósið þitt bjarta
vekja hana með sól að morgni,
vekja hana með sól að morgni.

Drottinn minn, réttu sorgmæddri sál
svala líknarhönd
og slökk þú hjartans harmabál,
slít sundur dauðans bönd.
Svo vaknar hún með sól að morgni,
svo vaknar hún með sól að morgni.

Farðu í friði vina mín kær.
Faðirinn mun þig geyma
um aldur og ævi þú verður mér nær,
aldrei ég skal þér gleyma.
Svo vöknunum við með sól að morgni,
svo vöknunum við með sól að morgni.

Bubbi Morthens

Blessun

Eftirspil

Söknuður

Vilhjálmur Vilhjálmsson - Jóhann Helgason